
Fornleifar í Hvalfjarðarsveit

Endurskoðun og samantekt eldri fornleifaskráningar



Kristjana Vilhjálmsdóttir

Reykjavík 2026
FS1116-26211

Fornleifastofnun Íslands ses

Forsíðumynd sýnir hnitapunkta allra þeirra fornleifa sem skráðar hafa verið í Hvalfjarðarsveit, ofan á herforingjaráðskorti.

Verkefnanúmer MÍ: 3643

©2026

Fornleifastofnun Íslands
Brædraborgarstíg 9
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Netfang: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

Samantekt

Í skýrslu þessari er fjallað um yfirferð yfir skráningargögn úr fornleifaskráningarverkefnum í Hvalfjarðarsveit á árunum 2000-2026. Stærstur hluti gagnanna er úr aðalskráningu sem Fornleifastofnun Íslands vann á árunum 2000-2003 en ýmsar aðrar smærri skráningar sem unnar hafa verið síðar eru einnig teknar með. Verkefnið var unnið að beiðni sveitarfélagsins, í tengslum við aðalskipulag 2020-2032 eftir ábendingu frá Minjastofnun Íslands. Við endurskoðun skráningarinnar voru öll fyrirliggjandi gögn úr skráningarverkefnum í sveitarfélaginu sameinuð; hnitagögn leiðrétt með tilliti til loftmynda, kortagagna og ritaðra lýsinga og hverri fornleif á minjastað gefið sérstakt hnit. Einnig voru helgunarsvæði fornleifa afmörkuð gróflega og mörk gamallra heimatúna allra jarða einnig teiknuð upp. Eftir endurskoðunina hafa samanlagt verið staðsettar í sveitarfélaginu 2399 fornleifar á 1725 minjastöðum.

Megin afurð verkefnisins eru landupplýsingagögn sem skilað verður til sveitarfélagsins og Minjastofnunar Íslands og en skýrslunni er ætlað að gera grein fyrir þeirri aðferðafræði sem var notuð og helstu niðurstöðum verkefnisins. Endurskoðun skráningarinnar er ekki ætlað að koma í stað frekari vettvangsathugana en hún veitir aukna yfirsýn yfir þekktar minjar í Hvalfjarðarsveit og á henni má byggja við skipulagsvinnu í sveitarfélaginu.

Efnisorð: Fornleifaskráning, aðalskráning, Hvalfjarðarsveit

Summary

This report presents a review of data from archaeological surveys collected through fieldwork in Hvalfjarðarsveit between 2000 and 2026. The majority of the data originates from a comprehensive survey carried out by The Institute of Archaeology, Iceland (Fornleifastofnun Íslands) between 2000 and 2003 but various smaller-scale surveys conducted in later years were also included. The work was carried out at the request of the municipality in connection with the 2020-2032 municipal plans, following a recommendation from the The Cultural Heritage Agency of Iceland (Minjastofnun Íslands). During the review, all existing data from previous surveys was collated; coordinate data was corrected against aerial imagery, cartographic records and written descriptions and a specific coordinate assigned to each individual archaeological site at every location. Furthermore, protection zones for the archaeological sites were delineated and historical home-fields were plotted based on maps from 1918-1920. Following this review a total of 2399 locatable archaeological sites at 1725 locations are known in the municipality.

The primary output of the project consists of geospatial data to be submitted to the municipality and The Cultural Heritage Agency of Iceland, while the report serves to outline the methodology employed and the project's key findings. This report is not intended to replace further archaeological surveys in the area, but rather to provide a more comprehensive overview of known archaeology in Hvalfjarðarsveit, that can be used in connection with future planning.

Keywords: Archaeology, general survey, Hvalfjarðarsveit

Efnisyfirlit

I. Inngangur 1
II. Aðferðir við leiðréttingu gagna og viðbætur 7
II.I Hnitapunktar 8
II.II Helgunarsvæði 10
II.III Hnitsetning túnakorta 11
III. Óvissuminjar 15
IV. Niðurstöður 21
Heimildir 23
Viðauki I: Nýskráðar fornleifar 27
Viðauki II: Fornleifar fjarlægðar úr hnitagögnum 37
Viðauki III: Víðtækari lagfæringar á hnitum 41
Viðauki IV: Yfirlit um skráðar fornleifar í Hvalfjarðarsveit 47

I. Inngangur

Árið 1999 gerðu sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar sem síðar urðu að Hvalfjarðarsveit samkomulag við Fornleifastofnun Íslands um að stofnunin ynni aðalskráningu fornleifa, en sú skráning fól í sér að upplýsingum var safnað um þekktar fornleifar í hreppunum og þær staðsettar. Fornleifaskráning í Innri-Akraneshreppi fór fram árið 2000,[1] í Skilmannahreppi árin 2000-2003,[2] í Leirár- og Melahreppi árin 2001-2002[3] og í Hvalfjarðarstrandarhreppi árið 2003.[4] Í þessum fjórum sveitarfélögum voru þá samtals skráðir 1618 minjastaðir. Þessi skráning er nú nokkuð komin til ára sinna og þau hnitagögn sem aflað var á sínum tíma ekki eins nákvæm og slík gögn eru nú. Í tengslum við aðalskipulag 2020-2032 í Hvalfjarðarsveit benti Minjastofnun Íslands á að skráningin þarfnaðist endurskoðunar og fór sveitarfélagið því þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að yfirfara og leiðrétta skráninguna.

Á þeim rúmu tveimur áratugum síðan gamla aðalskráningin fór fram hafa ýmsar breytingar orðið á sviði fornleifaskráningar. Hugtakið *minjastaður* er hér notað um stað sem túlka má sem heild út frá menningarsögulegu sjónarmiði, en á hverjum minjastað geta verið ein eða fleiri fornleifar, s.s. tóftir, garðlög eða önnur mannvirki. Þannig er sel minjastaður en tóftir af kvíum í seli fornleif innan minjastaðar. Þegar gamla skráningin fór fram tíðkaðist að taka aðeins eitt hnit á hverjum minjastað og voru sýnilegar minjar handteiknaðar. Hnitagögn frá þessum tíma geta einnig verið ónákvæm, og var skekkja á skráðum minjastöðum oftast 6-7 m, en gat verið allt að 20 m. Í dag er hver fornleif hins vegar skráð sérstaklega og allar minjar mældar upp nákvæmlega með GPS-tæki. Skekkja á hnitum er almennt undir 1 m. Einnig má nefna að aðgengi að ýmsum heimildum, gæði og fjöldi aðgengilegra loftmynda hefur stóraukist síðustu áratugi, sem auðveldar skráningarfólki að staðsetja fornleifar.

Síðan aðalskráningu lauk í Hvalfjarðarsveit hafa ýmsar smærri skráningar verið unnar þar, yfirleitt vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Hér að aftan eru talin upp þau skráningarverkefni sem unnin hafa verið í sveitarfélaginu og til hægðarauka er hér vísað í gömlu hreppana varðandi staðsetningar:

- Árið 2000 skráði Fornleifastofnun Íslands fornleifar í landi Klafastaða og Klafastaðagrundar

[1] Adolf Friðriksson 2002, 5.

[2] Adolf Friðriksson & Oddgeir Hansson 2003, 4.

[3] Birna Lárusdóttir & Oddgeir Hansson 2003, 6.

[4] Birna Lárusdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir & Uggi Ævarsson 2003, 4.

- í Skilmannahreppi og Kataness í Hvalfjarðarstrandarhreppi vegna stækkunar álvers á Grundartanga.[5]
- Árið 2001 skráði Fornleifafræðistofan fornleifar í landi Ferstiklu, Saurbæjar, Kalastaða, Kalastaðakots, Grafardals og Dragháls í Hvalfjarðarstrandarhreppi vegna Sultartangalínu 3.[6]
- Árið 2002 skráði Fornleifafræðistofan fornleifar í landi Hurðarbaks í Hvalfjarðarstrandarhreppi vegna stækkunar fuglabús á jörðinni.[7]
- Árið 2003 skráði Fornleifastofnun Íslands fornleifar í landi Kataness í Hvalfjarðarstrandarhreppi vegna fyrirhugaðrar rafskautaverksmiðju.[8]
- Árið 2008 skráði Fornleifastofnun Íslands fornleifar í landi Hvítaness í Skilmannahreppi og í landi Fiskilækjar, Vestra- og Eystra-Súluness í Leirár- og Melahreppi vegna áætlana um veg yfir Grunnafjörð.[9]
- Árin 2008 og 2009 skráði Fornleifavernd ríkisins friðlýstar fornleifar í landi Þyrils, Saurbæjar og Kalastaða í Hvalfjarðarstrandarhreppi, í landi Arkarlækjar í Skilmannahreppi og í landi Belgsholts í Leirár- og Melahreppi.[10]
- Árið 2014 rannsakaði Fornleifastofnun Íslands fornleifar í landi Kataness.[11]
- Árið 2014 skráði Fornleifafræðistofan fornleifar vegna deiliskipulags Bjarkaráss úr landi Beitistaða í Leirár- og Melahreppi.[12]
- Árið 2017 skráði Fornleifafræðistofan fornleifar í landi Hurðarbaks í Hvalfjarðarstrandarhreppi vegna stækkunar fuglabús á jörðinni.[13]
- Árið 2020 skráði Fornleifastofnun Íslands fornleifar í landi Kataness í Hvalfjarðarstrandarhreppi og í landi Kjalardals, Litlu-Fellsaxlar, Klafastaða og Stóru-Fellsaxlar í Skilmannahreppi vegna lagningar jarðstrengs.[14]
- Árin 2021 og 2022 skráði Fornleifastofnun Íslands fornleifar í landi Kalastaðakots, Kataness, Eystra- og Ytra-Miðfells í Hvalfjarðarstrandarhreppi, í landi Galtarholts og

[5] Adolf Friðriksson 2000.

[6] Bjarni F. Einarsson 2001.

[7] Bjarni F. Einarsson 2002.

[8] Adolf Friðriksson 2003; Birna Lárusdóttir 2003.

[9] Birna Lárusdóttir 2008.

[10] Skýrsla um verkefnið er ekki aðgengileg, en uppmælingar fornleifanna má finna í Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands.

[11] Adolf Friðriksson ofl. 2015.

[12] Bjarni F. Einarsson 2014.

[13] Bjarni F. Einarsson 2017.

[14] Gylfi Helgason 2020.

Stóru-Fellsaxlar í Skilmannahreppi og í landi Neðra-Skarðs og Skarðskots í Leirár- og Melahreppi vegna úttektar á línukostum Holtavörðuheiðarlínu 1.[15]

- Árið 2022 skráði Fornleifastofnun Íslands fornleifar í Akurey í Grunnafirði, Leirár- og Melahreppi, að beiðni landeiganda.[16]
- Árið 2023 skráði Fornleifastofnun Íslands fornleifar í landi Litla-Sands og Miðsands í Hvalfjarðarstrandarhreppi vegna lagningar jarðstrengs.[17]
- Árið 2024 skráði Fornleifastofnun Íslands fornleifar í landi Hafnar og Fiskilækjar í Leirár- og Melahreppi vegna lagningar jarðstrengs.[18]
- Árið 2024 skráði Fornleifafræðistofan fornleifar vegna deiliskipulags í landi Eystri-Kross í Innri-Akranesshreppi.[19]
- Árið 2024 skráði Fornleifafræðistofan fornleifar vegna deiliskipulags í landi Grafar í Skilmannahreppi.[20]
- Árið 2025 skráði Fornleifastofnun Íslands fornleifar vegna deiliskipulags á tveimur svæðum í landi Litla-Botns í Hvalfjarðarstrandarhreppi.[21]
- Árið 2025 skráði Fornleifastofnun Íslands fornleifar vegna deiliskipulags Lækjar úr landi Hafnar í Leirár- og Melahreppi.[22]
- Árið 2025 skráði Fornleifastofnun Íslands fornleifar í Melahverfi, úr landi Litla-Lambhaga í Skilmannahreppi.[23]
- Árið 2025 skráði Fornleifastofnun Íslands sundminjar í landi Leirár í Leirár- og Melahreppi.[24]
- Árið 2025 gerði Fornleifastofnun Íslands samantekt um fornleifar í landi Kross í Innri Akranesshreppi vegna fyrirhugaðs leiksvæðis.[25]
- Árið 2025 skráði Fornleifafræðistofan fornleifar vegna deiliskipulags í landi Kataness í Hvalfjarðarstrandarhreppi.[26]

---

[15] Kristborg Þórsdóttir 2024.
[16] Kristjana Vilhjálmsdóttir 2022.
[17] Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2023.
[18] Kristjana Vilhjálmsdóttir 2024.
[19] Bjarni F. Einarsson 2024a.
[20] Bjarni F. Einarsson 2024b.
[21] Brynja Árnadóttir 2025a; Kristjana Vilhjálmsdóttir 2025.
[22] Brynja Árnadóttir 2025b.
[23] Brynja Árnadóttir 2025c.
[24] Gylfi Helgason 2026.
[25] Adolf Friðriksson 2025.
[26] Bjarni F. Einarsson 2025.

- Árið 2026 skráði Fornleifafræðistofan fornleifar á tveimur svæðum í landi Fellsenda í Skilmannahreppi fyrir At Iceland.[27]

Samtals voru rúmlega 300 fornleifar skráðar í þeim verkefnum sem talin eru upp hér að framan og voru nokkrar þeirra heimsóttar oftar en einu sinni. Flestar þeirra voru fyrst skráðar í aðalskráningunni 2000-2003 en í sumum tilvikum bættust þó við áður óskráðar fornleifar. Kemur það einkum til vegna þess að í yngri verkefnum var skráningin unnin vegna deiliskipulags sem felur í sér nákvæmari úttekt og þaulgöngur í leit að áður óþekktum minjum.

Við endurskoðun fornleifaskráningarinnar í Hvalfjarðarsveit voru þessi gögn sameinuð eldri gögnum úr aðalskráningunni í einn kortagrunn. Um flesta staðina sem skráðir höfðu verið í aðalskráningunni gildir hins vegar að þeir hafa ekki verið heimsóttir aftur eftir að skráningu lauk. Hnit þeirra voru yfirfarin og leiðrétt m.t.t loftmynda og hverri fornleif innan hvers minjastaðar gefið sérstakt hnit, líkt og verklagsreglur Minjastofnunar Íslands kveða nú á um. Gerð var tilraun til þess að staðsetja þá minjastaði sem ekki hafði tekist að staðsetja í eldri skráningu. Einnig var bætt við fornleifum af túnakortum og leiðum af herforingjaráðskortum sem ekki höfðu ratað inn í fyrri skráningu. Auk leiðréttingar hnitagagna var helgunarsvæði fornleifa gróflega afmarkað að ósk Hvalfjarðarsveitar. Einnig voru túnakort frá 1918 hnitsett og mörk gömlu heimatúna jarðanna þannig afmörkuð út frá kortunum. Ástæða þessa er sú að heimatún eru þau svæði þar sem þéttni fornleifa er hvað mest, og mestar líkur eru á að áður óþekktar fornleifar komi í ljós við jarðrask. Því var talið mikilvægt að sveitarfélagið hefði upplýsingar um afmörkun þessara svæða sem talist geta „hættusvæði“ út frá sjónarhóli fornleifa.

Tekið skal fram að eftirfarandi var ekki hluti af verkefninu:

- Þar sem minjar öðlast lagalega friðun við 100 ára aldur bætast á hverju ári við nýjar fornleifar í landinu. Hér var hins vegar fyrst og fremst leitast við að bæta nákvæmni þeirra gagna sem safnað var á árunum 2000-2003 og stöðum sem orðið hafa að fornleifum síðan vettvangsskráning fór fram var því ekki bætt við, að frátöldum þeim sem skráðar höfðu verið í síðari verkefnum.
- Síðan aðalskráningin fór fram hefur aðgengi að ýmsum heimildum s.s. fasteignamati, landamerkjabókum og örnefnakortum aukist til muna. Ekki var hins vegar farið skipulega yfir ítarheimildir í leit að fornleifum sem ekki rötuðu inn í eldri skráningu. Undantekning frá þessari reglu voru túnakort og leiðir á herforingjaráðskortum, þar sem meirihluti

[27] Bjarni F. Einarsson, Svavar Níelsson & Agla Geirlaug Aradóttir Ringsted 2026; Svavar Níelsson, Bjarni F. Einarsson & Agla Geirlaug Aradóttir Ringsted 2026.


- þeirra minja sem þar eru sýnd voru þegar skráðar. Ekki var farið yfir herforingjaráðskort m.t.t annarra minja en leiða.
- Þegar aðalskráning fór fram árin 2000-2003 var eyjum og hólmum sleppt að ósk sveitarfélaganna. Ekki var gerð tilraun til að bæta þeim fornleifum við sem þar kunna að vera, öðrum en þeim sem skráðar höfðu verið á vettvangi í síðari verkefnum.[28]
- Texti úr fornleifaskrám var ekki leiðréttur þar sem verkefnið sneri fyrst og fremst að kortagögnum. Því má búast við að áttahorf og fjarlægðir í eldri skráningarskýrslum séu sum staðar ónákvæm og að heildarlýsingar geti í einhverjum tilfellum þarfnast endurskoðunar, m.a. þar sem staðsetning fornleifa á vettvangi hefur í einhverjum tilfellum reynst önnur en eldri gögn gáfu til kynna.
- Aðgengi að loftmyndum, bæði nýjum myndum og eldri, hefur stóraukist síðan aðalskráningin fór fram og geta þær oft bætt við fjölda fornleifa sem ekki hafa ratað í ritaðar heimildir. Loftmyndir voru hins vegar ekki yfirfarnar í leit að áður óþekktum fornleifum og aðeins notaðar til að afla nákvæmari upplýsinga um staðsetningu og umfang fornleifa sem þegar höfðu verið skráðar.

Vel má hugsa sér að hægt væri að fara yfir öll þau atriði sem nefnd eru hér að framan á síðari stigum en þau eru ekki hluti af þeirri endurskoðun sem unnin var að þessu sinni. Nánar er fjallað um aðferðir við leiðréttingar og viðbætur í kafla II.

Í viðauka IV við þessa skýrslu má finna lista yfir allar skráðar fornleifar, hnit þeirra og tilvísanir í eldri fornleifaskráningarskýrslur þar sem nálgast má nánari upplýsingar.

Með þessari samantekt og endurskoðun hefur orðið til heildstæðari og landfræðilega nákvæmari gagnagrunnur um þekktar fornleifar í Hvalfjarðarsveit en áður lá fyrir. Gildi hans felst ekki síst í því að upplýsingar sem áður voru dreifðar um fjölmargar skráningarskýrslur og byggðu að hluta á ónákvæmum eða ósamræmdum staðsetningum hafa nú verið yfirfarnar og sameinaðar. Þær hafa að auki verið færðar yfir í form sem nýtist beint í landupplýsingakerfum. Með birtingu gagnanna í kortavefsjá sveitarfélagsins verður þannig unnt að hafa upplýsingar um þekktar minjar, áætluð helgunarsvæði þeirra og minjaþétt svæði til hliðsjónar þegar á fyrstu stigum skipulags og undirbúnings framkvæmda. Gögnin geta þannig stuðlað að markvissari ákvarðanatöku, auðveldað að greina mögulega árekstra framkvæmda og minja fyrr í ferlinu og hjálpað til við að beina frekari rannsóknum og vettvangsathugunum þangað sem þeirra er helst þörf.

[28] Þar ber helst að nefna fornleifar í Akurey í Grunnafirði, sjá Kristjana Vilhjálmsdóttir 2022. Aðrar eyjar og hólmar eru enn að mestu óskráðar.



Kortið sýnir hnitapunkta allra þeirra fornleifa sem þekktar eru í Hvalfjarðarsveit ásamt gróflega afmörkuðu helgunarsvæði fornleifanna. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

II. Aðferðir við leiðréttingu gagna og viðbætur

Endurskoðun skráningarinnar í Hvalfjarðarsveit má skipta í þrjá þætti: Leiðréttingu hnitapunkta, afmörkun helgunarsvæða og hnitsetningu túnakorta. Við vinnslu verkefnisins voru eftirfarandi gögn notuð:

- Gögn úr aðalskráningu og yngri skráningarverkefnum.
- Loftmyndir frá Loftmyndum ehf., frá árunum 1996-2026.
- Loftmyndasafn Náttúrufræðistofnunar sem inniheldur loftmyndir Landmælinga Íslands frá 1973-2000 og loftmyndir bandaríska hersins frá 1945-1946 (AMS) og 1956-1961.
- Loftmyndir Google.
- Loftmyndir Bing.
- Túnakort frá 1918-1920.
- Bæjarteikning danskra landmælingamanna af Saurbæ á Hvalfjarðarströnd frá 1906.
- Herforingjaráðskort frá 1910-1911.
- Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands.
- Örnefnasjá Náttúrufræðistofnunar.

II.I Hnitapunktar

Meginhluti verkefnisins snerist um að leiðrétta hnitapunkta. Hnitagögnum frá öllum skráningarárum og skrásetjurum var safnað saman og varpað ofan á loftmyndir í landupplýsingaforritinu QGIS. Staðsetning hvers hnitapunktar var athuguð og borin saman við loftmyndir og önnur fyrirliggjandi gögn eftir þörfum (s.s. textalýsingar af vettvangi, túnakort, handgerð kort úr skáningarskýrslum).

Á þeim minjastöðum þar sem fleiri en eina fornleif var að finna var hver fornleif hnitsett sérstaklega og henni gefið sér númer samkvæmt skráningarkerfi Fornleifastofnunar. Kerfið byggist á því að hver sýsla hefur skammstafað heiti (BO, SN o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Að auki er gert ráð fyrir sérstöku númeri fyrir fornleifar á fleiri en einni jörð í hverjum hreppi. Hverjum minjastað er gefin kennitala en það er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BO-100:001). Fyrir hverja fornleif (minjaeiningu) á minjastað bætist við einingarnúmer aftast í númeraröðinni (dæmi: BO-100:001.02). Þegar aðalskráningin fór fram árin 2000-2003 höfðu einingarnúmer fornleifa ekki verið tekin í notkun en við endurskoðun skráningarinnar var þeim bætt við á öllum minjastöðum.

Í flestum tilvikum reyndist auðvelt að leiðrétta staðsetningu hnita þar sem minjar voru sýnilegar á loftmyndum. Þar var einkum stuðst við nýjustu loftmyndir Loftmynda ehf. eða aðrar nýlegar myndir, þar sem árstími og skuggavarp hefur áhrif á það hversu greinilegar minjar eru úr lofti. Eldri loftmyndir voru einnig nýttar þar sem aðstæður höfðu breyst mikið frá því að minjastaður var heimsóttur, og til að staðsetja fornleifar sem engin yfirborðsummerki höfðu sést um á vettvangi. Erfiðara gat verið að staðsetja lítt sýnilegar minjar s.s. álagabletti og huldufólksbústaði og umfangslitlar minjar s.s. vörður og brunna. Ef minjar voru ekki greinilegar á loftmyndum var stuðst við lýsingu á minjastað og örnefnasjá Náttúrufræðistofnunar þar sem við átti. Einnig voru túnakort nýtt til að staðsetja horfnar minjar innan heimatúna og herforingjaráðskort til að staðsetja gamlar þjóðleiðir. Óhjákvæmilegt er að meiri líkur eru á skekkju í slíkum tilvikum og er nauðsynlegt að hafa það í huga þegar gögnin eru notuð. Listi yfir þá staði sem mest óvissa ríkir um er í kafla III.

Í fyrri fornleifaskrá var nokkur fjöldi fornleifa sem ekki var hnitsettur þar sem heimildir dugðu ekki til að staðsetja þær nákvæmlega. Gerð var tilraun til að staðsetja þessar fornleifar með hjálp loftmynda og örnefnasjár Náttúrufræðistofnunar. Í nokkrum tilfellum þótti

staðsetning örnefnis í kortasjánni ekki samræmast lýsingu úr heimildum s.s. örnefnaskrám og voru fornleifar þá áfram hafðar óhnitsettar þar sem óvissa þótti of mikil. Sjá nánar í viðauka III.

Flest þau mannvirki sem sýnd eru á túnakortum 1918-1920 voru þegar skráð, en þó vantaði mannvirki sem ekki voru talin fornleifar þegar skráningin fór fram, s.s. kálgarðar og ung bæjarstæði. Einnig vantaði í nokkrum tilvikum túngarða og leiðir sem sýndar voru á kortunum og var þessum fornleifum nú bætt í fornleifaskrá. Flestar leiðir sem sýndar voru á herforingjaráðskortum frá 1910-1911 höfðu einnig þegar verið skráðar, a.m.k. að hluta en þær sem vantaði í skráninguna var bætt við. Þótt markviss leit að áður óskráðum fornleifum væri ekki hluti af verkefninu voru áður óskráðar fornleifar sem fundust við yfirferð túna- og herforingjaráðskorta skráðar, til að samræmi væri í skráningu þessara mikilvægu heimilda.

Þeim fornleifum sem ekki höfðu verið áður skráðar af Fornleifastofnun Íslands voru einnig gefin númer samkvæmt kerfi stofnunarinnar til samræmis (sjá nánar í viðauka I).

Í nokkrum tilvikum voru hnit á minjastöðum sem staðsettir höfðu verið í fornleifaskráningu fjarlægð úr hnitagögnum. Í flestum tilvikum var það vegna þess að nákvæm staðsetning minjastaðarins er í raun óþekkt og víðfeðm svæði komu til greina en í dag er það almenn vinnuregla hjá Fornleifastofnun Íslands að hnitsetja aðeins þær fornleifar sem hægt er að staðsetja með innan við 50 m vissu. Einnig voru einstaka dæmi um staði sem skráðir voru sem mögulegar fornleifar sem síðar hefur komið í ljós að voru ekki minjastaðir og voru þeir sömuleiðis fjarlægðir. Að auki voru minjar sem skráðar höfðu verið undir mörgum númerum, s.s. þjóðleiðir sem liggja yfir margar jarðir, sameinaðar á eitt númer. Lista yfir númer fornleifa sem fjarlægðar voru úr hnitagögnum má finna í viðauka II.

II.II Helgunarsvæði

Í 22. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012) er kveðið á um helgunarsvæði fornleifa:

> Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.

Í þessu verkefni var gerð tilraun til þess að afmarka helgunarsvæði allra fornleifa í Hvalfjarðarsveit. Sýnileg ummerki þeirra fornleifa sem skráðar hafa verið á vettvangi u.þ.b. síðustu 10 ár hafa verið mæld upp nákvæmlega og voru þau gögn nýtt þar sem þau voru aðgengileg. Í öðrum tilvikum var stuðst við loftmyndir, handgerða uppdrætti og textalýsingar. Hafa skal í huga við notkun gagnanna að aðeins er um grófafmörkun að ræða þar sem nauðsynlegt væri að mæla fornleifar upp á vettvangi til að hægt sé að afmarka helgunarsvæði þeirra nákvæmlega.

Í skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands er tiltekið að afmörkun horfinna fornleifa skuli teiknuð upp sé hægt að áætla staðsetningu út frá heimildum, þar sem minjar geta víða leynst undir sverði þó engin ummerki séu greinileg á yfirborði.[29] Því voru gamlar loftmyndir, túnakort og herforingjaráðskort einnig nýtt til að afmarka horfnar fornleifar.

Í þeim tilvikum þar sem fornleifar voru horfnar af yfirborði og ummerki sáust ekki á eldri loftmyndum var helgunarsvæði afmarkað út frá hnitapunkti. Slíkri afmörkun verður að taka með talsverðum fyrirvara bæði þar sem meiri óvissa er oft um staðsetninguna sjálfa og vegna þess að umfang minjanna hefur í öllum tilfellum verið meira en það sem samsvarar einum hnitapunkti. Sama gilti um fornleifar þar sem ekki var hægt að ákvarða helgunarsvæði út frá loftmynd þrátt fyrir að sýnilegar minjar hafi fundist á vettvangi. Finna má lista yfir þær fornleifar í kafla IV.

[29] Margrét Valmundsdóttir, Oddgeir Isaksen & Ómar Valur Jónasson 2026.

II.III Hnitsetning túnakorta

Heimatún jarða í Hvalfjarðarsveit voru mæld og teiknuð á árunum 1918-1920 af Páli Zóphóníassyni búfræðingi sem þá var kennari á Hvanneyri.[30] Túnakort eru til fyrir allar jarðir sem þá voru í ábúð og eru kortin alls 101 talsins en þrjú þeirra sýna samliggjandi heimatún tveggja eða fleiri bæja. Stærð túnanna er gefin upp í hekturum og eru þau einnig mikilvæg heimild um mannvirki innan túns þar sem inn á kortin voru m.a. merkt bæjar- og útihús, kálgarðar, túngarðar og leiðir.

Öll kortin í Hvalfjarðarsveit voru hnitsett og nýtt til að áætla staðsetningu og umfang minja innan túnanna, ekki síst í þeim tilvikum þar sem löngu er búið að slétta úr öllum yfirborðsummerkjum. Að auki voru heimatúnin sjálf teiknuð í landupplýsingakerfi í þeim tilgangi að auðvelda yfirsýn yfir þau svæði þar sem mestar líkur eru á að óvæntar minjar komi í ljós, en minjaþéttni er hvergi eins mikil og innan túna.

Við fyrstu sýn virðast kortin vel gerð og nákvæm, en ýmsar villur komu í ljós við hnitsetningu kortanna. Nánast öll kortin eru merkt með norðurör, en henni þarf að taka með töluverðum fyrirvara og vísar örin sjaldnast í hánorður. Í sumum tilvikum litast skekkjan líklega af landslagi og umhverfi – þannig togast norðurör í Melasveit meira til vesturs en frekar til austurs í Leirársveit. Í öðrum tilvikum virðist skekkjan frekar stafa af vangá mælingarmanns. Þar má helst nefna að norðurör vísar u.þ.b. í suður á kortum Miðsands, Brekku, Bjarteyjarsands og Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd og Tyrfingastaða, Nýjabæjar, Móakots, Másstaða, Dægru, Bráðræðis og Háuhjáleigu í Innri-Akraneshreppi. Á korti Kúludalsár í Innri-Akranesshreppi vísar örin til vesturs, en til austurs á kortum Bekansstaða og Arkarlækjar í Skilmannahreppi.

Á túnakorti Heyness í Innri-Akranesshreppi er lækur teiknaður meðfram ströndinni sem í raun er þjóðleið sem merkt er inn á herforingjaráðskort. Svipuð villa er á túnakorti Kambshóls í Hvalfjarðarstrandarhreppi. Þar er vegur sýndur liggja til norðurs upp í fjallshlíð þar sem í raun er lækur ef litið er til loftmynda en lækur merktur austur-vestur þar sem í raun var vegur.

Þrátt fyrir ofangreindar flækjur var hægt hnitsetja öll heimatúnin með nokkurri vissu með hjálp gamalla loftmynda. Þar nýttust best AMS loftmyndir bandarískra hersins frá 1945-1946. Í dag er á flestum jörðum búið að slétta úr gömlum minjum í túni og stækka tún umtalsvert en túnin sem sjást á gömlu loftmyndunum eru oftar en ekki mjög svipuð þeim sem teiknuð voru upp 1918-1920. Einnig sjást oft á loftmyndunum útihús og túngarðar sem engin yfirborðsummerki sjást lengur um.

[30] Alþingi 2020.


Í flestum tilvikum passaði uppgefin túnstærð í hekturum u.þ.b. við stærð upprétts korts ef það var látið falla að landslagi. Örfáar undantekningar voru þó frá þessu. Mögulegt er að landslag blekki augað í einhverjum tilfellum en í tilfelli Hvítaness í Skilmannahreppi, Leirár og Hafnar í Leirár- og Melahreppi þótti ómögulegt að fá kortið til að passa miðað við uppgefna túnstærð og voru þá loftmyndir látnar ráða við hnitsetningu. Uppgefnar túnstærðir á túnakortum Hvítaness og Leirár voru of litlar en túnstærð Hafnar of stór.

Meiri óvissa var þegar kom að því að staðsetja stakstæða túnskika sem teiknaðir voru á sum kortanna. Túnin eru sjaldnast sýnd í réttri afstöðu við heimatúnið á kortinu og virðast þau gjarnan hafa verið teiknuð þar sem helst var autt pláss á túnakortinu. Einnig er ekki öruggt að áttahorf sé eins á heima- og aukatúni á kortunum. Í mörgum tilvikum höfðu aukatúnin (eða útihús innan þeirra) þó verið staðsett á vettvangi, með hjálp frá heimildarmönnum eða út frá lýsingu örnefnaskráa, þar sem örnefni s.s. Húsatún voru til staðar til að aðstoða við staðsetningu. Við endurskoðun skráningarinnar tókst að staðsetja nokkur stakstæð tún að auki m.t.t. loftmynda en tvö aukatún reyndist ekki unnt að staðsetja, annars vegar í landi Akrakots og hins vegar í landi Eystri-Reynis í Innri-Akraneshreppi.

Þegar útlínur heimatúnanna voru teiknaðar í landupplýsingakerfi var mörkum túnsins á túnakorti almennt fylgt en í nokkrum tilfellum var þeim hnikað til, s.s. þar sem augljóst þótti út frá landslagi að skekkja væri á hluta kortsins (sbr. mynd á næstu síðu) eða til að samliggjandi heimatún sköruðust ekki. Í tilviki Saurbæjar í Hvalfjarðarstrandarhreppi var notast við bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 í stað túnakorts þar sem uppmæling túnsins á því korti virtist nákvæmari og féll bæjarteikningin betur að landslagi en túnakortið. Lítill munur er þó á stærð túnsins á þessum tveimur kortum.



Dæmi um upprétt túnakort: Heyness í Innri-Akraneshreppi. Hér má m.a. sjá að norðurör vísar til norðvesturs í stað norðurs og leið um túnið er merkt sem lækur. Afstaða austasta hluta túnsins á gamla kortinu kemur einnig illa saman við landslag á svæðinu og var því stykki hnikað til þegar mörk heimatúnsins voru teiknuð upp (ljósgrænn fláki).



Kortið sýnir afmarkanir allra heimatúna í Hvalfjarðarsveit (ljósgrænir flákar) eins og þau eru sýnd á túnakortum 1918-1920. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

III. Óvissuminjar

Í eftirfarandi töflu er listi yfir fornleifar þar sem vafi leikur á staðsetningu og umfangi. Umfang þessara minja var aðeins áætlað út frá hnitapunkti, nema að annað sé tekið fram.

Tafla 1: Fornleifar sem óvissa ríkir um.

Fornleif	Tegund	Hlutverk	Ástæða óvissu
BO-002:013.01	heimild	beitarhús	Staðsett á vettvangi eftir upplýsingum frá heimildarmanni en sú staðsetning virðist ekki koma saman við lýsingar úr rituðum heimildum. Ritaðar heimildir eru þó ekki nógu nákvæmar til að hægt væri að færa hnitið.
BO-002:017.01	tóft	býli	Sést ekki á loftmynd.
BO-002:024.01	tóft	kvíar	Sést ekki á loftmynd. Hnit fært m.t.t. lýsingar.
BO-002:030.01	þúst	stekkur	Sést ekki á loftmynd.
BO-002:035.01	tóft	óþekkt	Sést ekki á loftmynd.
BO-002:043.01	tóft	óþekkt	Horfið í gróður og sést ekki á eldri loftmyndum.
BO-002:044.01	hleðsla	óþekkt	Sést ekki skýrt á loftmynd. Afstaða milli hleðslna BO-002:044.01 og BO-002:044.02 áætluð út frá lýsingu.
BO-002:044.02	hleðsla	óþekkt	Sést ekki á loftmynd. Afstaða milli hleðslna BO-002:044.01 og BO-002:044.02 áætluð út frá lýsingu.
BO-003:007.01	heimild	lögn	Sést ekki á loftmynd.
BO-003:031.01	sögustaður	legstaður	Sést ekki á loftmynd. Hnit fært m.t.t. lýsingar. Tveir staðir sem koma til greina eru nefndir í lýsingu og var hvorum þeirra gefið sér númer.
BO-003:031.02	sögustaður	legstaður	Sést ekki á loftmynd. Hnit fært m.t.t. lýsingar. Tveir staðir sem koma til greina eru nefndir í lýsingu og var hvorum þeirra gefið sér númer.
BO-006:016.01	varða	eyktamark	Lýsing nefnir fimm vörður auk mögulegs byrgis. Innbyrðis afstöðu minjanna var ekki lýst í texta og því ekki hægt að staðsetja aðrar minjar en þá sem hnit var tekið á. Ekki er ljóst hver varðanna er hin eiginlega Hádegisvarða.
BO-007:017.01	tóft	sel	Hnit vantaði og var merkt inn á loftmynd eftir korti í skýrslu. Markar afar óljóst fyrir á loftmynd en afmörkun meira áætluð út frá lýsingu.
BO-009:012.01	heimild	smiðja	Sést ekki á loftmynd.
BO-009:020.01	þúst	fjós	Sést ekki á loftmynd.

Fornleif	Tegund	Hlutverk	Ástæða óvissu
BO-009:021.01	sögustaður	legstaður	Heimildarmaður í aðalskráningu virðist ekki hafa verið öruggur um staðsetningu. Bjarni F. Einarsson skráði árið 2001 Skroppudys með öðrum heimildarmanni en hnit sem fylgir skýrslunni passar ekki við minjalýsingu. Skroppudys er merkt inn í örnefnasjá og virðist sú staðsetning samræmast lýsingu Bjarna. Hnit fært þangað en dysin sést ekki skýrt á loftmynd og erfitt að ganga úr skugga um staðsetningu.
BO-010:021.01	þúst	sel	Sést ekki á loftmynd.
BO-010:023.01	dys	legstaður	Afmörkun áætluð en minjarnar eru mjög óljósar á loftmynd, umfang fremur áætlað út frá teikningu.
BO-010:041.01	tóft	óþekkt	Sést ekki á loftmynd, staðsett út frá lýsingu.
BO-011:004.01	gata	leið	Sést ekki á loftmynd.
BO-011:044.01	garðlag	landamerki	Sést ekki á loftmynd.
BO-011:052.01	hleðsla	skotbyrgi	Sést ekki á loftmynd, staðsett út frá lýsingu.
BO-011:054.01	tóft	óþekkt	Sést ekki á loftmynd. Hnit og minjalýsing virðast ekki fara saman en erfitt er að átta sig á staðsetningu m.t.t. loftmyndar, lýsingar og ljósmyndar í skýrslu.
BO-012:004.01	heimild	útihús	Sést ekki á loftmynd. Þústir skráðar á þessum stað sem leifar útihúss á túnakorti í aðalskráningu en staðsetning samræmist ekki kortinu. Óvíst hvort um raunverulegar minjar sé að ræða.
BO-012:008.01	örnefni	sel	Nákvæm staðsetning í raun óviss. Textalýsing nefnir þústir sem mögulega gætu verið mannvirki en þær sjást ekki á loftmynd.
BO-012:010.01	heimild	býli	Þúst er nefnd í minjalýsingu en óljóst er hvort skrásetjari telji hana til fornleifa. Sést ekki á loftmynd.
BO-012:018.01	örnefni	fjárskýli	Sést ekki á loftmynd.
BO-012:023.01	þúst	óþekkt	Áður skráð sem BO-012:002. Sést ekki á loftmynd.
BO-013:031.01	hleðsla	rétt	Sést ekki á loftmynd.
BO-016:004.01	garðlag	stekkur	Sést ekki á loftmynd.
BO-017:009.01	þúst	óþekkt	Sést ekki á loftmynd.
BO-017:012.01	tóft	fjárhús	Sést ekki á loftmynd.
BO-018:002.01	þúst	hálfkirkja	Svæðinu virðist hafa verið raskað og minjarnar sjást ekki á eldri loftmyndum.
BO-020:009.01	hleðsla	refagildra	Sést ekki á loftmynd.
BO-020:013.01	varða	óþekkt	Sést ekki á loftmynd.
BO-021:006.01	heimild	sel	Nákvæm staðsetning í raun óviss. Textalýsing nefnir þústir sem mögulega gætu verið mannvirki en þær sjást ekki á loftmynd.
BO-021:007.01	þúst	óþekkt	Sést ekki á loftmynd. Staðsetning áætluð út frá lýsingu en ekki er öruggt að mið hafi verið tekið af réttum sumarbústað.

Fornleif	Tegund	Hlutverk	Ástæða óvissu
BO-022:009.01	varða	eyktamark	Sést ekki á loftmynd.
BO-026:013.01	náma	mógrafir	Sést ekki á loftmynd.
BO-026:015.01	þúst	stekkur	Sést ekki á loftmynd.
BO-027:014.01	náma	mógrafir	Sést ekki á loftmynd. Hnit fært m.t.t. lýsingar.
BO-027:027.01	hleðsla	smalakofi	Sést ekki á loftmynd. Afstaða milli hleðslna BO-027:027.01 og BO-027:027.02 áætluð út frá lýsingu.
BO-027:027.02	hleðsla	smalakofi	Sést ekki á loftmynd. Afstaða milli hleðslna BO-027:027.01 og BO-027:027.02 áætluð út frá lýsingu.
BO-029:017.01	brunnur	vatnsból	Sést ekki á loftmynd, staðsett út frá lýsingu.
BO-029:029.01	tóft	óþekkt	Sést ekki skýrt á loftmynd.
BO-030:006.01	brunnur	vatnsból	Sést ekki á loftmynd.
BO-037:014.01	heimild	vatnsból	Sést ekki á loftmynd.
BO-037:015.01	heimild	vatnsból	Sést ekki á loftmynd.
BO-037:016.01	tóft	smiðja	Sést ekki á loftmynd.
BO-038:007.01	brunnur	vatnsból	Búið er að raska svæðinu og sést ekki skýrt á eldri loftmyndum.
BO-043:007.01	þúst	óþekkt	Sést ekki á loftmynd.
BO-043:009.01	brunnur	vatnsból	Svæðinu virðist hafa verið raskað og minjarnar sjást ekki á eldri loftmyndum.
BO-045:014.01	dys	óþekkt	Hnit vantaði en er merkt á kort í skýrslu. Fannst einnig í eldri hnitaskrá en það hnit virðist ekki á sama stað og hnitið í skýrslunni. Minjalýsing virðist samræmast hnitinu í skránni betur en því á kortinu. Sést ekki á loftmynd.
BO-048:007.01	heimild	lending	Sést ekki á loftmynd. Ath. að BO-048:007.01 og BO-045:021.01 víxluðust í aðalskráningu.
BO-053:013.01	tóft	óþekkt	Tóftin er horfin og sést ekki skýrt á eldri loftmyndum.
BO-078:008.01	tóft	óþekkt	Afmörkun áætluð en minjarnar eru mjög óljósar á loftmynd.
BO-078:009.01	tóft	óþekkt	Afmörkun áætluð en minjarnar eru mjög óljósar á loftmynd.
BO-086:017.01	tóft	óþekkt	Sést ekki á loftmynd.
BO-090:019.01	garðlag	túngarður	Afmörkun áætluð en minjarnar eru mjög óljósar á loftmynd og sést einungis hluti þess sem lýst er í texta.
BO-091:005.01	heimild	býli	Sést ekki á loftmynd, staðsett út frá lýsingu.
BO-093:016.01	tóft	óþekkt	Tóftin er horfin og sést ekki skýrt á eldri loftmyndum.
BO-094:008.01	tóft	fjárhús	Tóftin er horfin og sést ekki skýrt á eldri loftmyndum. Lýsing á afstöðu milli tófta BO-094:008.01 og BO-094:009.01 virðist ekki alveg ganga upp og því erfitt að ganga úr skugga um staðsetningu.

Fornleif	Tegund	Hlutverk	Ástæða óvissu
BO-095:019.01	varða	samgöngubót	Sést ekki skýrt á loftmynd. Hnit fært þangað sem skuggi virðist sjást á loftmynd en ekki er ljóst hvort hann sé af vörðu eða náttúrulegu grjóti.
BO-097:011.01	tóft	óþekkt	Sést ekki á loftmynd.
BO-101:011.01	tóft	rétt	Staðsetning á vettvangi samræmist ekki lýsingu örnefnaskrár og var tóftinni sem þar var skráð gefið nýtt númer BO-101:017.01. Hagatóft er merkt inn á örnefnasjá og var hnit fært þangað, en sú lýsing samræmist þó ekki heldur alveg lýsingu örnefnaskrár. Sést ekki á loftmynd.
BO-104:009.01	náma	mógrafir	Sést ekki á loftmynd.
BO-105:021.01	heimild	kolagröf	Sést ekki á loftmynd.
BO-105:027.01	tóft	sel	Sést ekki á loftmynd. Afstaða milli tófta BO-105:027.01 og BO-105:027.02 áætluð út frá teikningu.
BO-105:027.02	tóft	sel	Sést ekki á loftmynd. Afstaða milli tófta BO-105:027.01 og BO-105:027.02 áætluð út frá teikningu.
BO-106:009.01	tóft	útihús	Hnit vantaði, staðsett m.t.t. lýsingar og ljósmyndar. Minjar virðast sjást á þessum stað.
BO-107:006.01	tóft	óþekkt	Sést ekki á loftmynd.
BO-107:018.02	tóft	óþekkt	Sést ekki á loftmynd. Staðsett út frá teikningu m.t.t. tóftar BO-107:018.01.
BO-107:018.03	tóft	óþekkt	Sést ekki á loftmynd. Staðsett út frá teikningu m.t.t. tóftar BO-107:018.01.
BO-115:006.02	tóft	stekkur	Sést ekki á loftmynd, staðsett út frá teikningu.
BO-117:014.01	tóft	skotbyrgi	Sést ekki á loftmynd.
BO-118:012.02	tóft	óþekkt	Sést ekki á loftmynd, staðsett út frá teikningu.
BO-118:023.01	dys	legstaður	Sést ekki á loftmynd. Hnit fært m.t.t. korts í skýrslu.
BO-119:005.01	tóft	stekkur	Sést ekki á loftmynd. „Garðlög“ sem skráð voru með stekknum sjást en þau eru í raun ummerki kílræsingar og teljast ekki til fornleifa.
BO-119:006.01	brunnur	vatnsból	Sést ekki á loftmynd.
BO-120:010.01	varða	óþekkt	Sést ekki á loftmynd.
BO-145:012.01	þúst	stekkur	Sést ekki á loftmynd. Stekkjarlækur er merktur suðaustar í örnefnasjá en hnit í skýrslu og virðist sú staðsetning samræmast betur minjalýsingu, hnitið fært þangað.
BO-145:015.01	hleðsla	óþekkt	Sést ekki á loftmynd. Minjalýsing er ekki nógu nákvæm til að afstaða milli fornleifa BO-145:015.01 og BO-145:015.02 sé örugg.
BO-145:015.02	varða	óþekkt	Sést mögulega á loftmynd en minjalýsing er ekki nógu nákvæm til að afstaða milli fornleifa BO-145:015.01 og BO-145:015.02 sé örugg.

Fornleif	Tegund	Hlutverk	Ástæða óvissu
BO-145:023.01	varða	óþekkt	Sést ekki á loftmynd. Selhóll sem varðan á að standa á er merktur um 380 m norðvestar í örnefnasjá en hnit en ekki er ljóst hver ástæða ósamræmis sé. Mögulegt er að mikil skekkja sé á hniti, að Selhóll sé merktur á röngum stað í örnefnasjá eða að varðan sem skráð var á vettvangi sé ekki á Selhól.
BO-145:027.01	heimild	huldufólks-bústaður	Sést ekki á loftmynd.

IV. Niðurstöður

Í aðalskráningu Hvalfjarðarstrandarhrepps, Innri-Akraneshrepps, Skilmannahrepps og Leirár- og Melahrepps árin 2000-2003 voru samtals skráðir 1618 minjastaðir. Eftir samantekt og endurskoðun á fornleifaskráningu í Hvalfjarðarsveit eru nú þekktar 2399 fornleifar á 1725 minjastöðum sem hægt er að staðsetja og hafa hnit þeirra verið yfirfarin og leiðrétt að því marki sem unnt er án vettvangsvinnu. Jafnframt hafa helgunarsvæði fornleifanna verið afmörkuð út frá fyrirliggjandi upplýsingum til að gefa hugmynd um umfang þeirra. Einnig hafa gömul heimatún 105 bæja verið afmörkuð, en heimatún eru þau svæði innan jarða þar sem minjaþéttni er almennt mest og þar eru mestar líkur á að áður óþekktar minjar komi í ljós við jarðrask. Sú aukna yfirsýn sem uppfærðu gögnin veita skapar mun traustari grunn en áður fyrir meðferð upplýsinga um fornleifar í skipulagsvinnu sveitarfélagsins. Með því að gera leiðréttar staðsetningar, áætluð helgunarsvæði og afmörkun minjaþéttra heimatúna aðgengileg í landupplýsingakerfi verður unnt að taka tillit til þekktra minja fyrr í skipulags- og framkvæmdarferlum og greina fyrr, og með markvissari hætti þau svæði þar sem þörf kann að vera á frekari fornleifaskráningu eða öðrum rannsóknum.

Hafa þarf þó í huga að endurskoðunin var ýmsum takmörkunum háð og að gæði yfirfarinna gagna er misjöfn. T.a.m. var yfirleitt auðvelt að leiðrétta staðsetningu þeirra minja sem sýnilegar eru á loftmyndum en erfiðara gat verið að staðsetja lítt sýnilegar minjar s.s. álagabletti og huldufólksbústaði og umfangslitlar minjar s.s. þústir, vörður og brunna. Til að staðfesta staðsetningu þessarra fornleifa þyrfti að heimsækja þær aftur á vettvangi.

Þegar kemur að almennri yfirsýn um fornleifar í sveitarfélaginu er mikilvægt að hafa í huga að við þessa endurskoðun var ekki lagt mat á núverandi ástand minja eða þá hættu sem að þeim kann að steðja. Slíkt mat byggir því á eldri vettvangsskráningu og kann í einhverjum tilfellum að hafa breyst frá því að skráningin var unnin á vettvangi. Landslag í sveitarfélaginu hefur tekið breytingum síðustu áratugi, bæði af mannavöldum og vegna náttúrulegra afla, s.s. landbrots. Því kunna minjar að vera í meiri eða annarri hættu en áður, og er mögulegt að þeim hafi verið raskað, eða að minjarnar séu jafnvel horfnar af yfirborði.

Að lokum skal nefna að fornleifar í sveitarfélaginu hafa fæstar verið mældar upp nákvæmlega og kann sýnilegt umfang þeirra á jörðu niðri að vera meira en það sem greinilegt er á loftmyndum og nýtt var til að afmarka helgunarsvæði í þessu verkefni. Einnig hefur ekki verið gerð leit að fornleifum í sveitarfélaginu sem ekki eru þekktar úr ritheimildum, hvorki af loftmyndum né á vettvangi, nema á mjög afmörkuðum svæðum. Reynslan hefur hins vegar sýnt að iðulega bætast áður óþekktar minjar við þegar svæði eru könnuð á vettvangi.

Þrátt fyrir framangreinda fyrirvara er gildi endurskoðunarinnar talsvert. Það felst fyrst

og fremst í þeirri heildarsýn sem nú hefur fengist yfir þekktar fornleifar í Hvalfjarðarsveit. Með verkefninu hafa gögn sem safnast hafa á rúmum aldarfjórðungi verið sameinuð, samræmd og yfirfarin, staðsetningar fjölmargra minja leiðréttar og upplýsingar sem áður voru dreifðar og að stóru leyti óyfirfarnar færðar í einn landfræðilegan gagnagrunn. Jafnframt hefur verið bætt við upplýsingum um umfang minja, helgunarsvæði og minjaþétt heimatún sem áður voru ekki tiltækar með sambærilegum hætti. Þegar þessi gögn eru nýtt í kortavefsjá og öðrum landupplýsingakerfum sveitarfélagsins verða þau að hagnýtu verkfæri við skipulag og undirbúning framkvæmda. Gögnin gera kleift að greina fyrr hvar fyrirhuguð landnotkun kann að skarast við þekktar minjar eða eru á svæðum þar sem líkur á minjum eru miklar. Yfirsýnin gerir kleift að beina nánari athugunum og rannsóknum þangað sem þeirra er mest þörf. Endurskoðunin kemur því ekki í stað vettvangsskráningar þar sem hennar er krafist, heldur skapar mun betri grundvöll fyrir markvissa skráningu, verndun minja og upplýsta ákvarðanatöku um landnotkun í Hvalfjarðarsveit til framtíðar.

Heimildir

Alþingi. 2020. *Páll Zóphóníasson. Æviágrip þingmanna frá 1845.* Sótt af: https://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=470.

AMS: Amerískar myndir, 1945-1946. Náttúrufræðistofnun. Sótt af: http://gis.lmi.is/geoserver/wms

Adolf Friðriksson. 2000. *Fornleifakönnun í landi Klafastaða og Kataness.* FS127-00181. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Adolf Friðriksson. 2002. *Fornleifar í Innri-Akraneshreppi*. FS169-00031. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Adolf Friðriksson. 2003. *Fornleifakönnun í landi Kataness á Hvalfjarðarströnd 2003*. FS205-03071. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Adolf Friðriksson. 2025. *Kross í Hvalfjarðarsveit - Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðs leiksvæðis.* FS1047-20251. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Adolf Friðriksson, Mjöll Snæsdóttir, Megan T. Hicks, Howell M. Roberts, Gísli Pálsson & Garðar Guðmundsson. 2015. *Fornleifarannsóknir á Katanesi 2014 - Forkönnun*. FS561-14181. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Adolf Friðriksson & Oddgeir Hansson. 2003. *Fornleifar í Skilmannahreppi*. FS203-00033. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Bing Maps. 2026. Sótt af: https://www.bing.com/maps/aerial.

Birna Lárusdóttir. 2003. *Fornleifakönnun í landi Kataness II: Úttekt á tveimur byggingarreitum vegna fyrirhugaðrar rafskautaverksmiðju*. FS208-03072. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir. 2008. *Deiliskráning vegna áætlana um veg yfir Grunnafjörð*. FS390-08101. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir & Uggi Ævarsson. 2003. Fornleifaskráning í Hvalfjarðarstrandarhreppi. FS213-00034. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir & Oddgeir Hansson. 2003. *Fornleifaskráning í Leirár- og Melasveit*. FS199-00032. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Bjarni F. Einarsson. 2001. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum Sultartangalínu 3.* Án útgáfustaðar: Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson. 2002. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum stækkunar fuglabús Móa í landi Hurðarbaks í Hvalfjarðarstrandahreppi [svo], Borgarfjarðarsýslu.* Án útgáfustaðar: Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson. 2014. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Bjarkaráss úr landi Beitistaða í Hvalfjarðarsveit.* Án útgáfustaðar: Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson. 2017. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum stækkunar fuglabús Matfugls í landi Hurðarbaks í Hvalfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu.* Án útgáfustaðar: Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson. 2024a. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Eystri Kross á Akranesi.* Án útgáfustaðar: Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson. 2024b. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Grafar í Hvalfjarðarsveit.* Án útgáfustaðar: Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson. 2025. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Kataness í Hvalfjarðarsveit.* Án útgáfustaðar: Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson, Svavar Níelsson & Agla Geirlaug Aradóttir Ringsted. 2026. *Fornleifarskráning [svo] í landi Fellsenda í Skilmannahreppi: vegna fyrirhugaðs bílasafns.* Án útgáfustaðar: Fornleifafræðistofan.

Brynja Árnadóttir. 2025a. *Deiliskráning fornleifa í landi Litla-Botns í Hvalfirði*. FS1033-25061. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Brynja Árnadóttir. 2025b. *Fornleifaskráning í landi Lækjar, í Hvalfjarðarsveit*. FS1056-25291. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Brynja Árnadóttir. 2025c. *Uppmæling og skráning mógrafa í Melahverfi í Hvalfjarðarsveit*. FS1036-25121. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Bæjarteikningar danskra landmælingamanna: Söguleg kort Dana - Bæjarteikningar. 1902-1914. Náttúrufræðistofnun. Sótt af: https://atlas.lmi.is/mapview/?application=saga_kort.

DMA: Amerískar myndir, 1956-1961. Náttúrufræðistofnun. Sótt af: http://gis.lmi.is/geoserver/wms.

